



484. Stjórnarfundur haldinn 2. mars. 2017 kl:18:00.

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Birgir Már Bragason (BMB) og Eva Björk Sveinsdóttir (ES)

1. Skipting stjórnar.

EH bauð (ES) velkoma inn í stjórn félagsins og lagði til óbreytta skipan stjórnar. KG varaformaður, ÞMK gjaldkeri, BSS ritari og BI meðstjórnandi. Varamenn SA, BMB og ES. **Samþykkt.**

2. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

3. Innkomin bréf.

Bréf frá UMFÍ v/ inngöngu íþróttabandalaga í UMFÍ /lög UMFÍ, nefndarálit og greinagerð ásamt glærukynningu. Farið yfir helstu þætti bréfsins og stjórnarmenn hvattir til að halda áfram að kynna sér þessar tillögur. **Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við UMFN og heyra þeirra afstöðu.** Tölvupóstur frá Stefáni Arnarsyni v/gullheiðursmerki Keflavíkur. **Móttekið.**

4. Send bréf.

Engin

5. Aðalfundur Keflavíkur 2017.

Aðalfundur var haldinn 21. febrúar. Formaður og stjórn voru endurkjörin en Guðjón Axelsson hætti í stjórn og var (ES) kjörin inn í varastjórn. Skúli Þ. Skúlason var sæmdur gullheiðursmerki Keflavíkur og Hjörleifur Stefánsson hlaut Starfsbikarinn. (BI og ÞMK) voru sæmdir gullmerki UMFÍ og Bjarni Sigurðsson og Kristján Karlsson voru sæmdir starfsmerki UMFÍ. Fundastjóri var Ellert Eiríksson og Skúli Jónsson ritari. Sunddeild sá um kaffiveitingar. Stjórn þakkar Guðjóni Axelssyni fyrir hans framlag til félagsins og óskar honum velferðar.

6. Umhverfisdagur Keflavíkur.

Umræður voru um umhverfisdaginn og EH lagði til að vera með hann 25. apríl kl. 17:30 2017. **Samþykkt.**

7. Formanna og gjaldkerafundur.

EH lagði til að halda formanna- og gjaldkerafund 16. mars kl.19:00 í framhaldi af stjórnarfundum og bjóða upp á súpu. **Samþykkt.**

8. Námskeið.

EH lagði til að halda tvö námskeið í skyndihjálpi fyrir þjálfara og stjórnarfólk okkar nú í mars eða apríl og eitt námskeið í Nora greiðslu- og skráningarkerfi. **Samþykkt.**

9. Önnur mál.

Salir í félagsheimili hafa verið í útleigu.

Í ljós hefur komið að nauðsynlegt er að gera eignarskiptasamning fyrir Hringbraut 108 þar sem þinglýsingarskjöl eru ekki rétt. Málið er í vinnslu.

EH lagði til skipan fulltrúa í nefndir: unglingslandsmótsnefnd (Eva), húsnefnd (EH og SA), Keflavíkurdaginn (BSB og BMB) og hitta bæjarfulltrúa og kynna þeim starfsemi félagsins og óska eftir stuðningi við innrastarf félagsins með stöðugildi í huga. (EH, KG og ÞMK). **Samþykkt.**

Stjórn UMFÍ fundar 10. mars hér í félagsheimili okkar.

Nýr Felix hefur verið tekinn í notkun en einhverjir örðugleikar hafa verið að skrá sig inn.

Höfum aðgang að Office 365 pakkanum og eigum 25 leyfi og ný fartölva komin.

Rætt var um eignarétt á fimleikaáhöldum fimleikadeildar Keflavíkur.

Fundatími aðalstjórnar verður annan hvern fimmtudag kl.18:00 og næsti fundur 16. mars.

Næsti fundur verður 16. mars kl.18:00

Fundi slitið 19:15 Fundinn ritaði BS.

